



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Apr 2012

3. tbl. 19. árg.

Meðal efnis:

Uppskriftin

- *Jú hún er á sínum stað*

Pistill formanns

- *Á sínum stað*

Lokahófið

- *Það má ekki gleymast*

Hreinsunarhelgar

- *Bæði Hlíð og Djúp*

Takið
Eintak



Við fengum fina kynningu á Gufuá í Borgarfirði um daginn - myndin var tekin þá

Munið hreinsunarhelgar:

Hlíðarvatn: 28. og 29. apríl (sjá bls 6)

Djúpavatn: 13. og 14. maí (sjá bls 7)

Uppskriftin

Sænsk silungabaka f. 4-5

Hráefni:

500 gr silungsflök
2 tsk gróft salt
1,5 kg kartöflur skornar
í þunnar sneiðar
1 laukur saxaður
1/2 til 1 knippi ferskt
dill saxað
4 egg
3 dl rjómi
5 dl nýmjólk
1/2 tsk grófmalaður
svartur pipar

Aðferð:

Skerið fiskinn í þunnar flögur og saltið (1 tsk), gott að láta standa í ca 2 tíma.

Hitið ofn í 180°C

Leggið lagskipt kartöflur, silung, lauk og dill í djúpt smurt eldfast mót, byrjið og endið með kartöflum. Þeytið saman egg, rjóma, mjólk, pipar, salt (1 tsk) og hellið yfir fiskinn og kartöflurnar í fatinu. Bakið í ofni í ca 25 mínútur, eða þar til kartöflurnar eru orðnar mjúkar og komin er falleg gullin áferð.

Úr bókinni: The Scandinavian Kitchen e. Camilla Plum

Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum



FJARÐARKAUP

Verzlun Veiðimannsins

Formaðurinn

Kæru veiðimenn og konur.

Auðvitað er margt sem nýr formaður þarf að læra, en með samstilltum hóp er það létt verk. Allt hefur gengið snuðrulaust þrátt fyrir miklar annir undanfarið. Nýtt blóð gefur alltaf nýja sýn og ef formaður gleymir einhverju þá er næsti tilbúinn til að minna á það sem þarf að gera eða laga.

Nú er veiðileyfasölunni lokið og við taka næstu vikur þar sem við undirbúum Kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta og svo opnun vatnanna okkar. Kleifarvatn opnar fyrr eða þann 15. apríl næstkomandi svo biðin styttist. Ekki slæmt að komast fyrr í veiði enda langur og strangur vetur að baki og bíða veiðimenn og konur eftir að komast með stangirnar í vatnið. Margir eru búnir að hnýta leynivopnið fyrir sumarið svo spennan magnast.

Ekki gat undirrituð beðið öllu lengur og fór ásamt vinkonum og ungum félagamönnum úr unglingsstarfinu okkar að morgni 1. apríl í Vífilstaðavatn. Veðrið var bara fínt svona notalegur rigningarúði og heilar 6 gráður. Ekki fengum við bröndu þrátt fyrir að mikið væri reynt, en þó gekk einn veiðimaður til okkar með 3 fiska í poka og sýndi okkur stoltur, sagðist vera orðinn saddur og klukkan bara rétt rúmlega níu að morgni. Þrátt fyrir fiskleysið þá var þetta alveg ótrúlega skemmtilegt stund, bara það að fá að bleyta í línunni aðeins og ekki spillti félagsskapurinn fyrir heldur, því góðir veiðifélagar eru vandfundnir.

Þegar þetta er skrifað er vetrarstarfinu að ljúka hjá okkur og vonandi hafa margir sent inn flugur í keppnina Efnilegasta silungaflugan 2012. Veitt verða verðlaun í fullorðinsflokki á lokakvöldinu en ákveðið hefur verið að afhenda verðlaunin í unglingsaflokki (uSVH) á hreinsunarhelginni í Hlíð þann 28. apríl. Eins og fyrr segir þá er lokakvöldið 18. apríl framundan og hlökkum við til að sjá ykkur þar sem allra flest bæði konur og menn. Veglegir vinningar verða í happadrættinu og það verður óvænt uppákoma í tilefni afmælisársins. Þessu kvöldi ætti enginn félagi að missa af. Skemmtinefndin hefur staðið sig af mikilli þrýði í vetur og þökkum við henni kærlega fyrir sitt framlag til að auðga félagsstarfið. Unglingarnir okkar í uSVH bíða svo spennt eftir hreinsunarhelginni í Hlíð og hafa hnýtt margar fallegar flugur sem munu nýtast þeim í sumar.

Að lokum hlakka ég til að sjá ykkur sem flest á lokakvöldinu.



*Veiðikveðja
Vilborg R.*

LOKAHÓFIÐ

- Kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta-

STAÐUR: FLATAHRAUN 29

DAGSETNING: 18. APRÍL 2012

TÍMI: 20:00

MÆTING: SKYLDA

HVERJIR: ÞÚ OG ÖLL HIN

SKEMMTIATRIÐI = JÁ - ÓVÆNT

HAPPADRÆTTI = JÁ JÁ



Frá lokahófinu 2011:
Það er alltaf von á
vinning í happadrætti
lokahófsins

Ritstjórinn

AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Vilborg Reynisdóttir

Ritstjórn: Ævar Ágústsson

Sími: 6699240

Nýr ritstjóri?

Nú þegar ég var að byrja að setja saman pistilinn uppgötvaði ég að myndin sem ég hef notað var orðin lítilsháttar úrelt. Skeggið / hökutoppurinn sem prýtt hefur andlitið er farið - þannig að það varð að uppfæra myndina. Ég vona að sem fæstum bregði við breytinguna.



Á þessum árstíma þegar þegar vorveiðin er að hefjast hef ég ávallt fylgst með veiðimönnum (úr fjarlægð) sem standa vaktina í frosti, brjótandi ís úr lykkjunum, norpandi á bökkunum. Nú hef ég ákveðið að fara einn stuttan túr í slíka "vorveiði" - sem því miður lenti svo óheppilega til að vera á sama tíma og lokahófið okkar. Ég verð því miður ekki til staðar þá, takandi myndir í tíma og ótíma, ég fæ einhvern annan í verkefnið.

Eitthvað sá ég um að vorfiskurinn (geldfiskurinn) hafi verið vel haldinn sem veiddist í byrjun apríl austur í Skaftafellssýslum. Getur verið aðaska Grímsvatnagossins hafi haft einhver áhrif á lífríkið þannig að viðveran í ánum sé betri núna en undanfarin ár? Það skyldi þó aldrei vera, ég kemst vonandi að því í næstu viku.

Kveðja;
Ævar

Til hliðar:

Falleg vormynd,
snjór enn í
fjallstoppum en
vötnin orðin íslaus.
Mynd tekin af toppi
Vörðuskeggja á
Hengilssvæðinu,
Þingvallavatn í
fjarska.



Hreinsunarhelgi Hlíðarvatn

Það þarf vart að minna félagsmenn á hreinsunarhelgina við Hlíðarvatn - hinn árlega viðburð við upphaf veiðitímabilsins.

Núna verður það helgin 28. og 29. apríl.

Fyrir utan hefðbundna hreinsun er ætlunin að fara í einhverjar framkvæmdir við pallinn í kringum húsið, vatnslögnina og ýmislegt fleira.

Við óskum því eftir vinnusömum höndum að vanda. Ekki má gleyma að kjötsúpan fræga verður á boðstólum.

- Stjórnin



Frá hreinsunarhelginni við Hlíðarvatn 2011:

Efri: Það var “örlítill” strekkingur - ekkert sem angraði þá sem mættu.

Neðri: Kjötsúpan er ávallt vinsæl.

Hreinsunarhelgi Djúpavatn

Svo er það hreinsun og vinnuhelgi við Djúpavatn
Núna verður það helgin 12. og 13. maí.

Að venju óskum við eftir vinnusömum höndum. Ætlunin er að laga vatnslögn og dytta að ýmsu öðru fyrir sumarið. Vonumst að sjá sem allra flesta.

- Stjórnin



Við Djúpavatn á fallegum morgni



Rafgeymasalan ehf.

Dalshrauni 17 • 220 Hafnarfjörður • Sími/fax 565 4060

Við sérhæfum okkur í sölu og þjónustu á rafgeymum fyrir allar tegundir faratækja. Einnig rafgeyma fyrir gólfþvottavélar, golfbíla, golfkerrur, vinnulyftur og fleira.

Rafgeymasalan er jafnframt stærsti söluaðili á sólarrafhlöðum á Íslandi.

www.rafgeymar.is



Öll óseld veiðileyfi SVH eru farin á
www.leyfi.is

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar
Upplýsingar: stjorn@svh.is

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan
fyrir ýmsar veislur.
Upplýsingar veitir: Sigríður s: 5653602 eða 8923037

